

Þingflokksfundur Pírata

Dagana 30. og 31. október 2018

Nr. 11/149

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Smári McCarthy (SMC) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)

Útdráttur úr fundargerð

Þingflokkur Pírata fundaði í tvo daga þar sem farið var ítarlega og skipulega yfir fjölmarga málaflökka, skipulag þingflokks og fjölmörg mál sem eru á döfinni. Í ljósi þess að fundargerð fundarins er mjög yfirgripsmikil og að mestu leyti bundin trúnaði þar sem hún inniheldur strategískar upplýsingar um starfsemi þingflokks, er því hér útdráttur úr fundargerðinni til birtingar.

Fyrri dagur fundarins fór að mestu í umfjöllun þingmanna um þau mál sem eru á döfinni hjá þeim og stöðu þeirra innan þingsins. Einnig gerðu þingmenn grein fyrir framtíðaráformum sínum á þessu kjörtímabili. Útkoman úr þeirri yfirferð eru drög að málefnum sem þingflokkur hyggst einblína á. Betur verður gerð grein fyrir þeim þegar undirbúningsvinnu er lokið.

Á síðari degi voru hefðbundnari þingflokksfundamál til afgreiðslu.

1. Samþykkt að greiða reikning frá Moral Sentiments Ltd.
2. Umræður um aðferðafræði við breytingatillögur á fjárlögum.
3. Rætt var um ákvarðanatöku á sviði EFTA-nefndar sem SMC er í forsvari fyrir. Áréttað að leiðarljós í slíkri ákvarðanatöku skuli vera valddreifing innan nefndarinnar.
4. Starfsmannamál. Rætt var hvaða væntingar þingmenn gerðu til starfsfólks og hvernig samstarfið gengi. Einnig var hafist handa við þarfagreiningu varðandi hugmyndir um að auka við starfsfólk þingflokks. Máli frestað þar til þeirri vinnu lýkur.